

Nr. 137

20. desember 2005

## LÖG

### **um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „reiknuð út“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: að teknu tilliti til tekjumöguleika þeirra og nýtingar tekjustofna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII við lögin:

- a. Lokamálsliður 3. tölul. orðast svo: Samkomulag þetta gildir til og með árinu 2009.
- b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Ráðgjafarnefnd varasjóðsins verði heimilt á árunum 2005, 2006 og 2007 að nýta 280 milljónir króna á ári af fjármunum skv. 3. tölul. 1. mgr. 44. gr. til verkefna skv. 1. og 2. tölul. sömu málsgreinar. Einnig verði varasjóðnum heimilt að nýta hluta þessara fjármuna til að aðstoða við úreldingu íbúða í eigu sveitarfélaga, á grundvelli reglugerðar sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn íbúðalánaþjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Framlög til sveitarfélaga skv. b-lið 2. gr. sem koma eiga til greiðslu árið 2005 skulu greidd til sveitarfélaga svo fljótt sem unnt er.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2005.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni Magnússon.*

---

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005